

## Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 12. mars 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-20/2010:

### I

#### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 19. febrúar sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á þurrkara hjá fyrirtækinu Y. Álitsbeiðandi segir að gallar hafi komið fram á þurrkaranum og krefst þess að seljandi greiði viðgerð á þeim sem kostað hafi kr. 34.229 auk máls-kostnaðar ef til komi.

### II

#### Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 19. febrúar sl., gaf kæruneftndin Y kost á andsvörum og frest til að skila þeim til 2. mars. Engin andsvör bárust. Með bréfi, dags. 10. mars sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### III

#### Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt þurrkarann 3. desember 2007 en hann sé af gerðinni A. Hann hafi bilað 3. febrúar 2010. Í ljós hafi komið að um tvær bilanir hafi verið að ræða. Annars vegar hafi hitaelement bilað í því hafi verið brunninn eða slitinn gormur og hafi nýtt element kostað kr. 20.088. Hins vegar hafi komið fram bilun á stýrikerfi þannig að straumur hafi ekki komið á hitaelementið og hafi sú viðgerð kostað kr. 14.141. Álitsbeiðandi kveðst telja að þurrkarinn sé gallaður en hann hafi ekki enst nema 2 ár og 2 mánuði.

Álitsbeiðandi segist hafa rætt við verslunarstjóra seljanda sem sagt hafi að ábyrgð á þurrkaranum væri ekki nema 2 ár og ekkert viljað koma til móts við sig en vísað á fyrirtækið Z. Hann hafi farið með hitaelementið til Z sem hafi dæmt það ónýtt. Þá hafi hann keypt nýtt element 4. febrúar og ætlað að láta þar við sitja. Eftir að hafa sett það í þurrkarann hefði hann ekkert lagast. Þá hafi hann aftur talað við Z og sér verið sagt að termostatið væri sennilega líka bilað eða þá stýrikerfið. Hafi hann þá ákveðið að fara með þurrkarann í viðgerð til Z. Þá segir eftirfarandi í álitsbeiðninni:

„Eftir að hafa talað við Neytendastofu, þar sem mér var sagt frá s.k. 5 ára reglu ákvað ég að fara með þurrkarann í viðgerð til þeirra [Z]og fylgja málinu síðan eftir samkvæmt 5 ára reglunni. Talaði fyrst aftur við verslunarstjóran í Y, B, sem nú vísaði mér á E rekstrarstjóra. Báðir könnuðust eitthvað við 5 ára regluna, en töldu samt ábyrgðina aðeins vera 2 ár. Tek fram að báðir voru ágætlega kurteisir að tala við, þeir voru bara ekki sammála mér, en ég gerði þeim grein fyrir að ég myndi láta reyna á þessa reglu.

[...]

Það skal að lokum tekið fram, að þessi þurrkari er frekar lítið notaður, þar sem við erum bara 2 í heimili. Hefur staðið á sama stað í þvottaherbergi allan tímann, ekki orðið fyrir neinu hnjaski eða lent í flutningum, enda lítur út eins og nýr. Vil einnig taka fram að þegar við keyptum þennan þurrkara í Y fengum við ágæta afgreiðslu, við teljum okkur bæði muna að hafa lagt ríka áherslu á að fá ekki bara ódýrt, heldur einnig tæki sem við

gætum treyst og væri með sæmilega ending. Eftir spjall við sölumann var mælt með þessum þurrkara, sem þá var einnig á ágætu tilbodsverði.“

#### IV

#### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Seljandi hefur ekki nýtt sér það tækifæri sem kærunefndin gaf honum til þess að andmæla kröfum álitsbeiðanda og rökstuðningi. Kærunefndin verður því við afgreiðslu málsins, að því er atvik þess varðar, að byggja á því sem fram kemur í álitsbeiðni.

Í 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup er kveðið á um það hvaða eiginleika söluhlutur eigi að hafa og segir þar í b-lið 2. mgr. að hann eigi að „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.“ Sé svo ekki telst söluhlutur vera gallaður, sbr. ákvæði a-liðar 1. mgr. 16. gr. sömu laga. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna. Kærunefndin álitur að þegar tekið er tillit til þess að þurrkari álitsbeiðanda var ekki nema 2 ára og 2 mánaða þegar bilanir komu fram í honum verði að telja þær galla í skilningi framangreindra lagaákvæða enda ekkert komið fram um að álitsbeiðandi eigi þar nokkra sök á.

Enda þótt ekki komi fram í álitsbeiðni að seljandi hafi selt þurrkarann með sérstökum ábyrgðarskilmálum þykir kærunefndinni engu að síður rétt að benda á að í 1. málslið 3. gr. neytendakaupalaga segir að ekki sé heimilt að semja um eða bera fyrir sig kjör sem eru neytanda óhagstæðari en leiða myndi af lögnum. Þetta þýðir að kaupandi á að lágmarki rétt á því að seljandi bæti, í samræmi við ákvæði laganna, úr þeim göllum sem reynast vera á söluhlut. Samningar um minni rétt að þessu leyti eru því ógildir og hafa ekki þýðingu í viðskiptum en hins vegar eru gildir samningar um ríkari rétt en lögin kveða á um.

Í 27. gr. neytendakaupalaganna, nr. 48/2003, segir m.a. eftirfarandi:

„□Ef söluhlutur er gallaður ber neytanda að tilkynna seljanda um að hann muni bera gallann fyrir sig án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var. Frestur neytanda til að leggja fram kvörtun er aldrei styttri en tveir mánuðir frá því að hann var galla var.

□Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla í fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka ...“

Í skýringum við 27. gr. frumvarpsins sem varð að lögum nr. 48/2003 segir m.a.:

„Mat á því hversu langur endingartími söluhlut er ætlaður er unnt að byggja á því mati sem fram fer skv. b-lið 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins. Því þarf m.a. að líta til þess hvers neytandi mátti vænta við kaup á slíkum hlut. Framleiðendur söluhluta hafa ólík markmið við framleiðslu hluta hvað varðar endingartíma þeirra. Endurspeglast þetta m.a. í verði og

markaðssetningu hlutanna. Ef vafi er um það hversu langan endingartíma hlut er ætlað að hafa er rétt að vafinn falli fimm ára reglunni í hag. Með endingartíma söluhlutar er átt við það hvað hlutnum er ætlað að virka lengi á viðunandi hátt. Til dæmis fellur það að hlutur verði úreltur vegna tækniframfara ekki undir ákvæðið. Áætlaður endingartími söluhlutar er byggður á venjulegri notkun.“

Eðlilegur endingartími þurrkara getur vissulega verið mismunandi eftir tegundum. Þótt ekki sé hægt að slá því föstu í eitt skipti fyrir öll hver sé eðlilegur endingartími þurrkara er það álit kærunefndarinnar að kaupandi megi búast við því að þurrkari þeirrar gerðar sem hér um ræðir endist lengur án bilana en tvö ár og tvo mánuði. Enda þótt í 27. gr. neytendakaupalaganna séu tilteknir tveir ákveðnir frestir, tvö ár og fimm ár, álitur kærunefndin að lagagreininna megi skýra þannig að í ákveðnum tilvikum sé kvörtunarfrestur lengri en tvö ár og bilun sem kemur fram skömmu eftir að sá tími er liðinn teljist vera á ábyrgð seljanda enda þótt sams konar bilun teljist ekki á ábyrgð seljanda komi hún fram seint á fimm ára frestinum. Með vísan til þess sem að framan er rakið af 27. gr. neytendakaupalaga og skýringum í greinargerð álitur kærunefndin að með tilliti til þess hve tiltölulega skammur tími leið frá því að álitsbeiðandi keypti þurrkarann þar til hann bilaði hafi hann ekki glatað rétti til þess að bera fyrir sig gallann og seljandi beri því að greiða kostnað af viðgerð þurrkarans eins og álitsbeiðandi gerir kröfu til.

Þar sem valdsvið kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa er bundið við það að gefa álit á ágreiningi sem rís vegna viðskipta sem falla undir ákvæði þeirra laga sem nefnd eru í upphafi þessa kafla, þ.á.m. laga nr. 48/2003, er það utan valdsviðs kærunefndarinnar að taka afstöðu til kostnaðar sem kann að leiða af rekstri mála fyrir kærunefndinni. Verður því ekki tekin afstaða til þeirrar málskostnaðarkröfu álitsbeiðanda sem hann setur fram í álitsbeiðni.

## VI

### Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 34.229.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir